

## 5

4. janúar

13. gr.

Með mál útaf brotum á reglugjörð þessari eða á reglum og reglugjörðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögglumál.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915, um rafmagnsveitur, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. janúar 1923.*

**Kl. Jónsson.**

---

*Oddur Hermannsson.*

## 6

4 janúar

## GJALDSKRÁ

fyrir

rafveitu Akureyrar.

1. gr.

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hjer segir:

- a. Þar sem orkan er notuð aðallega til ljósa, verður hún seld um kílóvattstundamæli fyrir 45 aura hver kwst. (= kílóvattstund).  
Raforku til lækninga má þó selja lægra verði, enda gjöri rafveitustjórn sjerstakan samning í hvert skifti, og ber þá að taka tillit til, á hvaða tíma dags orkan er notuð.
- b. Þar sem orkan er notuð til ljósa og auk þess hlutfallslega að verulegum mun til suðu, hitunar og þ. l., má selja hana um hemil fyrir 400 krónur hvert kílóvatt um árið.
- c. Þar sem orka til suðu, hitunar og þ. l. er mæld sjerstaklega (engin ljós á sama mæli eða hemli), má selja hana:
  1. um hemil fyrir 300 krónur hvert kílóvattár, eða
  2. um mæli fyrir 12 aura hverja kwst.
- d. Til iðnaðar verður orkan seld:
  1. um hemil fyrir 350 krónur hvert kílóvattár, eða
  2. um mæli fyrir 25 aura hverja kwst.

- e. Þegar sjerstaklega stendur á, má rafveitustjórn selja raforku eftir sjerstök- **6**  
 um samningi í hvert skifti, þó ekki til lengri tíma en þriggja mánaða í senn, **4. janúar**  
 nema til komi samþykki bæjarstjórnar.
- f. Verð fyrir raforku til götu- og hafnarlýsingar ákveður bæjarstjórnin.

2. gr.

Bæjarstjórninni er heimilt, án frekari staðfestingar atvinnu- og sam-  
 göngumálaráðuneytisins, að hækka eða lækka gjöld fyrir raforku um alt að  
 20% frá því, sem ákveðið er í gjaldskrá þessari.

3. gr.

Fast árgjald skal goldið fyrirfram að fjórða parti í senn, fyrir hvern  
 ársfjórðung, og eru gjalddagar 2. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október. Gjald  
 eftir tölu kílóvattstunda skal greitt mánaðarlega eftirá, undireins og krafist er.

4. gr.

Gjöld fyrir raforku má taka lögtaki.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefir samið og  
 samþykkt samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915, staðfestist hjermeð og birt-  
 ist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. janúar 1923.*

Kl. Jónsson.

---

*Oddur Hermannsson.*